

## Umboðskerfi – Leiðbeiningar

Til þess að geta fyllt út umsókn fyrir lögaðila í Leyfisveitingagátt þarf umboð.

Ekkert umboð þarf til að sækja um leyfi einstaklinga en þegar sótt er um fyrir lögaðila þarf lögaðilinn að gefa þeim sem sækir um rafrænt umboð til þess.

Hér eru skrefin sem þarf að fara þegar gefa á umboð. Þetta er gert í umboðskerfi island.is:

1. Fara á <https://www.island.is/>
2. Skrá sig inn á „Mínar síður“ með íslykli lögaðila. Þá kemur upp pósthólfssíðan fyrir lögaðilann.
3. Fara í „Stillingar“ uppi í hægra horni. Neðarlega á síðunni er þessi hlekkur:



4. Fara í „Veita umboð / breyta umboðum“. Þá birtist aðalsíða umboðskerfisins og listi með umboðum. Listinn gæti verið tómur ef lögaðilinn hefur aldrei gefið umboð áður.
5. Fara fyrir neðan listann. Þar er hægt að bæta við umboðum:

Hér getur þú bætt við umboðum

6. Hér er slegin inn kennitala þess einstaklings sem á að fá umboð og því næst ýtt á „tab“. Nafn viðkomandi ætti þá að koma sjálfkrafa.
7. Velja gildistíma umboðs.
8. Velja þjónustuveitanda: „Leyfisveitingagátt Þjóðskrá Íslands – umsokn.island.is“ og Umboðshlutverk „Umsækjandi“

9. Ef gefa á fleiri aðilum umboð, ýta á hnappinn „Bæta við umboði“. **Ath að þetta getur tekið smástund og alls ekki halda áfram fyrr en kennitalan og nafnið er farið út.**